

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2007

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson

Gerð ársreikninga: Jón G. Guðbjörnsson

Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Forsíða: *Fé í fönn nær Baulu* (myndin er samsett)

Ljósmyndari: Elvar Ólason/Þórhildur Þorsteinsdóttir

Prentun: Leturprent, Síðumúla 22, R.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast. Stjórn Framleiðnisjóðs annast einnig málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Elín Aradóttir, Birkilundi 3, Akureyri, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefningar:

Páll Stefánsson, Stuðlum, Árn.
Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum, Eyj.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Þórhildur Þorsteinsdóttir í 80% starfshlutfalli. Stjórnarformaður annast einnig nokkur verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2007 svo og ársreikning Garðávaxtasjóðs.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2007

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt fjórtán formlega fundi á árinu 2007. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Rangárvalla- og Skaftafellssýslur í ágúst, og heimsóttu marga aðila sem átt hafa eða eiga samskipti við sjóðinn. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sérstakar ferðir, m.a. um Suðurland, Borgarfjörð, Mýrar, Dali og Reykhólasveit til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn samtaka og fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Fjölmargir fundir voru haldnir með einstaklingum og fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi.

Stjórnir Framleiðnisjóðs og Bændasamtaka Íslands héldu árlegan samráðsfund í Reykjavík þann 19. september þar sem farið var yfir sameiginleg viðfangsefni. Haldið var þeirri venju að greina frá starfi Framleiðnisjóðs á Búnaðarþingi og leggja þar fram ársskýrslu hans fyrir næstliðið ár.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2006 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2007

Stjórn Framleiðnisjóðs setti sér í upphafi ársins 2007 starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglurnar mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu og voru hinar sömu og árið á undan:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að verkefni feli í sér raunverulega nýsköpun í landbúnaði, auki fjölbreytni hans og séu líkleg til þess að skila arði.

Með hliðsjón af þessu býður Framleiðnisjóður á árinu 2007 fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

- a. hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni á vegum stofnana, búgreina og einstaklinga*
- b. nýsköpun atvinnu á björðum, hópverkefni bænda og fyrirtæki í dreifbýli*
- c. endurmenntun og þekkingarauka í landbúnaði*
- d. markaðsöflun fyrir afurðir landbúnaðar.*

Framleiðnisjóður hefur tekið við því hlutverki sem Smáverkefnasjóður sinni áður. Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins. Framleiðnisjóður vill stuðla að virku samstarfi við aðrar stofnanir sem styðja þróun og nýsköpun í sveitum landsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2007

Á árinu 2007 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 183,9 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 157,0 mkr. Fjármunatekjur námu 26,9 mkr. Ráðstöfunarfé sjóðsins var 88% af því sem það var árið á undan. Munaði þar mestu að framlag til sjóðsins úr Fóðursjóði (sbr. 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993) var ekkert þar sem gjöld til hans voru felld niður á árinu 2006 (sjá rg. nr. 508/2006), m.a. að kröfu bænda. Hins vegar hefur Fóðursjóður ekki verið gerður endanlega upp svo óvíst er hvort og þá hve mikilla tekna megi þaðan vænta til Framleiðnisjóðs.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 158,9 mkr. Á árinu 2007 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 20,1 mkr. samanborið við 19,7 mkr. árið 2006. Sjóðurinn er gerður upp með 4,95 mkr. afgangi samanborið við 3,7 mkr. tekjuafgang árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2007 námu 252,5 mkr.; þar af voru tæpar 153 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé sem nemur 198,6 mkr. Útlán eru 12,6 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 54 mkr. í árslok 2007.

Fjármálaráðuneytið stöðvaði greiðslur til Framleiðnisjóðs er kom fram á árið og því voru 77 mkr. ógreiddar af umsömdu framlagi ríkis til sjóðsins við árslok. Byggðist ákvörðunin á því mati Fjársýslunnar að handbært fé sjóðsins væri meira en samræmdist reglum um A-hlutastofnanir ríkisins. Af hálfu Framleiðnisjóðs hefur þessu verið andmælt. Það er mat stjórnar sjóðsins að hér sé í raun um að ræða einhliða breytingu á þeim hluta búnaðarlagasamnings er kveður á um starfsfé Framleiðnisjóðs. Málið hefur verið kynnt landbúnaðarráðherra svo og stjórn Bændasamtaka Íslands sem er viðsemjanda ríkis um fjármuni þessa.

Um fjárhag Framleiðnisjóðsins er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. Umsóknir og erindi 2007

Á árinu 2007 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 166 erindi. Af þeim voru 42 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 124 töldust til almennra umbótaverkefna á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning.

Á árinu 2007 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 100 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, mun færri en árið á undan (134). Af þeim voru 29 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 71 almennt verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var 12 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 36 erindum hafnað, viku í forgangsröð eða þau talin utan starfssviðs sjóðsins. Nokkur erindi fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá voru örfá erindi í vinnslu hjá sjóðnum um áramót.

Umsóknir til sjóðsins urðu færri á árinu en undanfarin ár. Hins vegar ber nú meira á stórum og fjárfrekum verkefnum en áður.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2007. Skrár um einstaka styrki, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Undanfarin ár hefur stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafað fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum. Tvennt hefur ráðið skiptingu fjárens á milli búgreina: hlutur þeirra í verðmæti búvöruframleiðslunnar annars vegar, þ.e. grundvöllur búnaðargjalds, og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu tolla af innfluttu kjarnfóðri hins vegar. Nú urðu tekjur sjóðsins af síðari þættinum engar á árinu eins og fyrr sagði. Engu að síður ákvað stjórnin að verja 20 mkr. til sérstakra þróunarverkefna búgreina með nánara samráði við þær. Flest voru það kynbóta- og rannsóknaverkefni þar sem sjóðsstjórn byggði afgreiðslu sína á umsögnum fagráða/stjórna búgreinanna. Stærstu styrkirnir voru til rannsóknaverkefnis um orsakir kálfadauda og vegna innflutnings erfðaefnis til svínaræktar.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður að venju styrkt í töluverðum mæli. Áfram heldur sú þróun að spurn eftir fjárstuðningi til þeirra verður sífellt fjölbreytilegri hvað viðfangsefnin snertir og fjárþörf meiri. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2007 hvað fjárupphæðir snerti voru vegna fódurræktarrannsókna Landbúnaðarháskóla Íslands og vegna nýs fódurmatskerfis (NorFôr). Sjóðurinn lagði enn myndarlegt framlag til rannsókna á sumarexemi á hrossum og sérstakan styrk til rannsóknaverkefnis í tilefni 40 ára starfsafmælis sjóðsins. Um bæði þessi verkefni er sérstaklega fjallað í 8. kafla hér á eftir. Önnur rannsókn- og þróunarverkefni, öll smærri, voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 3. töflu, svo og í 16. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Rannsóknasjóðs um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Umfang þess er minna en áður var enda ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs minna en var, öndvert við Rannsóknasjóð. Til samstarfsins varði Framleiðnisjóður samtals 8,7 mkr. á árinu 2007, á móti ríflega 12 mkr. frá Rannís. Verkefni voru alls sex og er skrá um þau í 5. töflu.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2007 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,0 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,0 mkr., voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 56,5 mkr. sem er nokkru minna en árið á undan. Um fleiri verkefni á vegum bænda er þó að ræða, eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2007

Landshluti	Ferða- búskapur	Búfj.- og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Ýmis- legt	Alls
Vesturland	4	2	1	-	-	7
Vestfirðir	1	-	1	-	-	2
Norðurland vestra	2	-	-	-	-	2
Norðurland eystra	3	-	1	1	-	5
Austurland	1	-	1	-	1	3
Suðurland	4	3	2	1	-	10
Reykjanes	-	-	-	-	-	-
SAMTALS	15	5	6	2	1	29

Ferðabúskapur í einni eða annarri mynd er sú grein sem mest fór fyrir í umsóknnum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Liðlega helmingur samþykktra verkefna í þessum flokki taldist til ferðaþjónustu í sveitum en 44% sé miðað við upphæðir samþykktra framlaga. Flest vörðuðu verkefni gisti- og veitingaaðstöðu en tekjusköpun með afþreyingu fyrir ferðamenn, ekki síst hestatengdri, vakti þó fyrir nokkrum styrkþegum. Tvö verkefni snerust um heimavinnslu búsafurða.

Samstarf við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem formlega var stofnað til í árslok 2006 og fékk þá nafnið *Vaxtarsprotar*, kom til framkvæmdar á árinu 2007. Til hennar varði sjóðurinn að sínum hluta 2,77 mkr. Jón G. Guðbjörnsson er fulltrúi FL í stjórn verkefnisins. Elín Aradóttir, stjórnarmaður FL, stjórnar verkefninu sem starfsmaður Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sérstök greinargerð er um verkefnið í 8. kafla ársskýrslunnar.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því að komið yrði á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands og komst sú skipan á með skólaárinu 2006-2007. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóði starfsreglur með samráði við stjórn Framleiðnisjóðs. Stjórn Framleiðnisjóðs samþykkti á árinu að leggja 8,0 mkr. til verkefnisins. Greinargerð um sjóðinn er í 8. kafla ársskýrslunnar.

Á árinu 2007 voru samþykktir námsstyrkir til átta nemenda í framhaldsnámi í búvísindum. Þá voru veittir fimm styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur). Aðeins einn starfsmaður landbúnaðarins sótti um og hlaut styrk til endurmenntunar.

d) Markaðsöflun

Á árinu 2007 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð 13,2 mkr. Stærsta framlagið var vegna heimavinnslu matvæla. Verkefninu *Handverki og hönnun* lauk með árinu 2006 en komið var á fót sjálfseignarstofnun til þess að sinna viðfangsefnum þess áfram. Lagði sjóðurinn henni fjárstuðning. Einnig markaðssetningu íslenska hestsins, á matvælum og á ullarvörum.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Óvenju fáar umsóknir bárust um stuðning við annan atvinnurekstur á landsbyggðinni en getið er í b-lið. Framlag var veitt til gerðar margmiðlunarsýningar Kirkjubæjarstofu um Skaftárelda og fé einnig heitið til verksmiðju í Súðavík er framleiða á kattamat.

f) Garðávaxtasjóður

Með árinu 2007 lauk síðasta starfsári Garðávaxtasjóðs sem verður framvegis hluti af Framleiðnisjóði, sbr. lög nr. 58/2007. Garðávaxtasjóður hefur átt að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annaðist úthlutun fjár úr sjóðnum. Eigið fé Garðávaxtasjóðs í árslok 2007 var 61,2 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam 3,825 mkr. til fastaverkefna Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarstofnunar vegna stofnræktar kartaflna og heilbrigðs útsæðis. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er vísað til ársreiknings sjóðsins sem fylgir þessari ársskýrslu.

8. Af sérstökum verkefnum

Hér verður sagt sérstaklega frá nokkrum verkefnum sem Framleiðnisjóður hefur staðið fyrir og/eða stutt.

a) Vaxtarsprotar

Verkefnisstjórnin, Elín Aradóttir, segir þannig frá stöðu verkefnisins:

Framleiðnisjóður og Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands tóku á árinu höndum saman og ýttu úr vör verkefni sem nefnt var *Vaxtarsprotar*. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið kom til framkvæmdar á Suðurlandi, Ströndum og í Húnavatnssýslum á árinu en framhald verður á öðrum svæðum á árinu 2008 og 2009.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit og vinnur hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmynda. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjamöguleikar hafa verið kynntir. Framkvæmd verkefnisins á árinu 2007 var í samvinnu við búnaðarsambönd og atvinnuþróunarfélög á viðkomandi svæðum. Samstarfsaðilarnir voru eftirfarandi: Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Búnaðarsamband Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Atvinnuráðgjöf Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda.



Þátttakendur í Vaxtarsprotum úr Húnaþingi og af Ströndum við brautskráningu að Staðarflöt í Hrótafirði 1. nóv. 2007. Verkefnisstjórnin, Elín Aradóttir, lengst t.h. (Ljósma.: Jón G. Guðbjörnsson)

Verkefnið fór af stað í upphafi árs og reyndist mikill áhugi fyrir verkefninu. Aðsókn var góð á námskeið og aðra viðburði á vegum verkefnisins. Um 60 manns luku námskeiðunum og mun fleiri nýttu sér hluta þeirra, auk einstaklingsbundinnar leiðsagnar. Mörgum þeirra atvinnuskapandi verkefna, sem þátttakendur unnu að á árinu, hefur nú þegar verið ýtt úr vör en önnur eru enn á undirbúningsstigi. Ennfremur hafa margir forsvarsmenn starfandi fyrirtækja nýtt sér Vaxtarsprotaverkefnið til frekari framþróunar á sinni starfsemi.

Verkefnisferill Vaxtarsprota á árinu 2007 var um 10 mánuðir og lauk honum með veglegum uppskeruhátíðum. Hátíðirnar voru haldnar að Staðarflöt í Hrótafirði þann 1. nóvember og í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli þann 2. nóvember. Markmið hátíðanna var að skapa formlega umgjörð um lok verkefnisferilsins, að hefja vinnu þátttakenda til vegs og virðingar og vekja athygli á verkefnum þeirra. Í kjölfar hátíðanna fengu mörg af verkefnum þátttakenda umtalsverða fjölmiðlaumfjöllun, sem og Vaxtarsprotaverkefnið sjálft. Jákvæð viðbrögð við verkefninu munu nýtast í frekara starfi á nýju ári.

b) Afmælisstyrkir FL

Í tilefni fjörutíu ára starfsafmælis ákvað stjórn Framleiðnisjóðs að bjóða tvo styrki til rannsókna og greiningar innan eftirtalinna sviða:

- a) *Frá haga til maga*: Notkun landsins til framleiðslu vegna frumþarfa/vöru og þjónustu – staða, skipulag og möguleikar í innlendu og erlendu markaðsumhverfi næstu ára.
- b) *Fjölpættur landbúnaður*: Atvinnugrundvöllur dreifbýlis – faglegar, hagrænar og félagslegar forsendur til þess að efla hann á næstu árum.

Hvor styrkur skyldi nema allt að 5,0 mkr. á ári í tvö ár en verkum mætti skipta á þrjú ár með vel skilgreindum áföngum. Styrkirnar voru auglýstir í árslok 2006. Sjö umsóknir bárust. Sérstök nefnd skipuð þeim Gunnar Guðmundssyni frá Bændasamtökum Íslands, Oddi Má Gunnarssyni frá Rannsóknamiðstöð Íslands og Sveini Ingvarssyni frá stjórn Framleiðnisjóðs, mat umsóknirnar. Á grundvelli mats nefndarinnar samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs að leggja

einu verkefni, *Litróf landbúnaðarins og forsendur fjölbreyttrar atvinnu í sveitum* frá Háskóla Íslands, 5 mkr. ársstyrk. Stuðningur síðara ársins skyldi ráðast af framvindu verkefnisins.

c) Rannsóknir á sumarexemi

Verkefnisstjórnin, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, segir þannig frá stöðu verkefnisins:

Rannsóknir á sumarexemi í hrossum hafa nú staðið í sjö ár. Rannsóknirnar eru samstarfsverkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og Háskólans í Bern í Sviss. Markmið rannsókna er að þróa ónæmis meðferð við sumarexemi, bólusetningu eða afnæmingu. Til að ná markmiðinu þarf að einangra og framleiða ofnæmisvakana úr smámýinu og skilgreina eðli þeirra ónæmisviðbragða sem leiða til sumarexems.

Sýnt hefur verið fram á að það eru að minnsta kosti 10 ofnæmisvakar í munnvatnskirtlum smámýsins og af þeim eru 5 mikilvægastir. Fundist hafa tæplega tuttugu gen sem gætu mögulega skráð fyrir ofnæmisvaka. Tíu þessara gena hafa verið tjáð í prótín, alla vega tvö af þeim eru ofnæmisvakar og verið er að tjá annað þeirra í byggi. Rannsóknir á þáttum ónæmissvarsins sem eru grundvöllur að ofnæminu eru komnar vel á veg en það er undirstaða þess að velja ónæmis meðferð og meta gagnsemi hennar. Notaður er samanburður á ónæmissvörum íslenskra hesta sem fluttir eru út og eru með háa tíðni af sumarexemi við svörun íslenskra hesta sem fæddir eru í Evrópu með lága tíðni af sumarexemi. Einstakt er að geta rannsakað feril ofnæmis í dýrum með sama erfðabakgrunn en algerlega mismunandi ónæmisreynslu. Í ljós kemur mikill munur í ónæmisboðefnastjórnun í þessum tveimur hópum.



Hestur illa leikinn af sumarexemi

Varðandi meðferð höfum við prófað að hliðra ónæmissvari fullorðinna hesta af ofnæmisbraut með tvenns konar genabóluefni og einu prótínbóluefni án þess að fá nægilega afgerandi niðurstöður. Næsta skref er að hanna kröftugt ofnæmisbóluefni sem byggir á hestaherpesveiru. Ennfremur hyggjumst við í samstarfi við ORF líftækni framleiða helstu ofnæmisvakana í byggi með þá framtíðarsýn að afnæma hross með fóðrun á byggi sem tjáir helstu ofnæmisvakana.

Búið er að birta eða senda til birtingar í alþjóðlegum tímaritum 6 greinar úr sumarexemsverkefninu. Námsverkefni, sem lokið er innan verkefnisins, eru eftirfarandi: Fjögur lokaverkefni í dýralækningum, þrjú við Háskólann í Bern og eitt við Dýralæknaháskólann í Kaupmannahöfn, eitt 10 verkefni við dýralæknadeild háskólans í Utrecht í Hollandi. Fimm B.Sc. lokaverkefni við Tækniháskóla Íslands, eitt fimm eininga verkefni við raunvísindadeild Háskóla Íslands og eitt meistaraverkefni við læknadeild Háskóla Íslands en annað slíkt er á lokastigi.

d) Starfsmenntasjóður

Starfsmenntasjóður, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði, tók til starfa um miðbik ársins 2006 og má segja að það ár hafa verið reynslutími hans. Mótaðar hafa verið reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a.

www.bondi.is/landbunadur/wgbi.nsf/key2/bosn6tld3c.html .

Árið 2006 voru samþykktir 48 starfsmenntastyrkir, flestir vegna þátttöku umsækjenda í námskeiðum á sviði sauðfjárræktar (36). Árið 2007 var fyrsta heila starfsár sjóðsins. Alls bárust 536 umsóknir er þannig skiptust eftir búgreinum:

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2007 skipt eftir búgreinum

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Alifuglarækt	1	Sauðfjárrækt	253
Ferðapjónusta	8	Skógrækt	23
Hrossarækt	21	Svínarækt	1
Loðdýrarækt	2	Ylrækt og matjurtir	9
Nautgriparækt	167	Ýmislegt	27
Nýsköpun og hlunnindanýting2		Búgrein ekki tilgreind	22

Árið 2007 veitti Starfsmenntasjóður 445 styrki að upphæð 5.229.170 kr.; 21 umsókn var hafnað og 70 umsóknir (35+35) biðu eða voru í vinnslu í árslok. Viðfangsefni umsækjenda endurspeglar fjölbreytileika landbúnaðarins þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt. Að loknu öðru heilu starfsári starfsmenntasjóðs er stefnt að mati á árangri og umræðum um framtíðarskipan hans, m.a. hvað snertir fjármögnun sem vart verður hlutverk Framleiðnisjóðs til frambúðar.



Þátttakendur á heyverkunarnámskeiði 27. mars 2007 kynna sér verkun heys í útistæðu að Helgavatni í Þverárhlið. Pétur bóndi kynnir vinnubrögð og árangur stæðuverkunarinnar þar á bænum (Ljós.: Ásdís Helga Bjarnadóttir)

9. Frá hugmynd til framkvæmdar

Ein helsta nýbreytningin í starfi Framleiðnisjóðs á árinu 2007 var verkefnið *Vaxtarsprotar* sem unnið er með *Impru* á *Nýsköpunarmiðstöð Íslands*, sjá kafla 8.a. Verkefnið markaði að sínum hluta 40 ára starfsafmæli sjóðsins er var í árslok 2006. Verkefnið lofar mjög góðu, bæði vegna vandaðs undirbúnings og traustrar framkvæmdar þeirra sem daglega stjórna því en ekki síður vegna mikils áhuga þátttakendanna sjálfra.

Þátttaka varð mun meiri en áætluð hafði verið. Í ljós kom að fjölmargir áttu sér hugmyndir um atvinnusköpun og viðskiptatækifæri sem þeir höfðu löngun til að vinna að og móta sem verkáætlun. Sumar hugmyndirnar eru þegar að komast í framkvæmd m.a. með fjárstuðningi Framleiðnisjóðs.

Í gildandi búnaðarlagasamningi ríkis og bænda er gert ráð fyrir fjármagni til hvatningar og ráðgjafar „um nýsköpun og frumkvöðlastarf og nýja atvinnumöguleika á lögbýlum“. Framleiðnisjóður vill efla samstarf um þetta mikilvæga viðfangsefni enda er samstarf burðarás *Vaxtarsprotu*-verkefnisins.

Þó fjárhagslegur stuðningur við framkvæmd nýsköpunarverkefna sé mikilvægur sýna *Vaxtarsprotu*-verkefnið hve undirbúningsvinnan er mikilvæg; sú vinna sem lýtur að mótun hugmyndarinnar, söfnun vitneskju um hana, mati á möguleikum hennar og síðan gerð viðskipta- og framkvæmdaáætlunar, sýnist hugmyndin vera fýsileg.

Vissulega er minnkandi ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs áhyggjuefni því landbúnaðurinn þarf áfram að eiga öflugan nýsköpunar- og þróunarsjóð. Meginmálið er þó að fjármagnið nýtist vel – að það geti hvatt til nýsköpunar og eflingar atvinnu í sveitum og stutt mikilvæg rannsókn- og þróunarverkefni atvinnugreinarinnar.

Viðfangsefnaskrá Framleiðnisjóðs fyrir árið 2007 sýnir að upp á ýmsu nýju hefur verið fitjað, þótt margt teljist hefðbundið: Landbúnaður – *það að nýta landið með beinum eða óbeinum hætti* – verður sífellt fjölbreyttari. Fjölbreytni gefur styrk. Hana vill Framleiðnisjóður efla.

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, gagn- og ánægjuleg samskipti á árinu 2007.

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2007. Framlöggin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	FI	Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:			
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Orsakir kálfadauða	7.200.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1	Erfðafjölbreytileiki íslenska kúastofnsins	2.000.000
Samband ísl. loðdýrabænda	A1	Innflutningur erfðæfnis	2.000.000
Háskólinn á Hólum	A1	Nýtt fódurmatskerfi fyrir íslensk hross	2.500.000
Svínarættarfélag Íslands	A1	Innflutningur erfðæfnis	5.000.000
Landssamtök sauðfjábænda	A1	Afkvæmarannsóknir á hrútum	2.000.000
			20.700.000
Önnur þróunarverkefni:			
Bændasamtök Íslands	A2	<i>NorFór</i> fódurmatskerfi	6.693.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Greinasafn íslensks landbúnaðar	700.000
Tómas G. Gunnarsson	A2	Stofnvistfræði æðarfugls	750.000
Háskóli Íslands	A2	Afmælisstyrkur FL / <i>Litróf landbúnaðarins</i>	5.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Norrænar erfðaauðlindir vallarfoxgrass	700.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Ræktun og ræktunarkerfi	8.800.000
Matis ohf.	A2	Aukin verðmæti úr íslensku byggji	2.000.000
Akvaplan niva á Íslandi	A2	Kjöraðstæður; bleikjueldi	2.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Efna- og örverugreining á vottfóðri	900.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Dreifingartími mykju	1.600.000
Veðimálastofnun	A2	Áhrif vatnaflóka á seiðabúskap	750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Þáttur ísl. búvara í selenhag kvenna	3.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	<i>Yndisgróður</i> - Val á úrvalsgarðplöntum	1.850.000
Háskólinn á Hólum	A2	Framleiðni íslenskrar ferðapjónustu	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Hleðsla birkiplantna með <i>glycinebetaine</i>	600.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Fóðrun, geldstaða, heilbrigði mjólkurkúa	1.500.000
Landbúnaðarstofnun	A2	Skyldleikaræktun og leghrómun hryssna	500.000
Bændasamtök Íslands	A2	'Slaughtering at farm in Nordic Countries'	1.425.000
Háskólinn á Hólum	A2	Litlar framleiðslueiningar fyrir bleikjueldi	1.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Sumarexem á íslenskum hestum	8.500.000
Bændasamtök Íslands	A2	Staða karla og kvenna í dreifbýli á Íslandi	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2	Verðmæti og vermdun íslenska kúakynsins	2.000.000
Bú. Vest. og Bún.s. Suðurlands	A2	Tæknivæðing klaufskurðar	2.400.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	A2	<i>Vaxtarsprotar</i> ; nýsköpunarverkefni	4.270.000
			59.438.000
Samfjármögnun með Rannís:			
Rannsóknamiðstöð Íslands	A3	Samfjármögnun rannsóknarverkefna 2007	8.659.000
Verkefni á lögbýlum:			
Nýsköpun og efling atvinnu	B1	sjá 4. töflu	52.650.000
Ýmis verkefni á vegum bænda:			
